

141. löggjafarþing 2012–2013.
415. mál.

Umsögn

um frumvarp til stjórnarskipunarlaga um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Með bréfi formanns stjórnarskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, dags. 23. nóvember 2012, var óskað eftir umsögn fjárlaganefndar um nánar tilgreind ákvæði frumvarps til stjórnarskipunarlaga.

Við vinnu nefndarinnar var ekki leitað umsagna.

68. gr. Frumvarp til fjárlaga.

Ákvæðið er efnislega það sama og í 42 gr. gildandi stjórnarskrár. Ákvæðið er nauðsynlegt og getur staðið óbreytt.

Til umhugsunar er þó hvort að setja eigi dagsetningar í ákvæðið eða hvort dugar að þær séu í lögum um þingsköp og fjárreiður ríkisins.

Að sama skapi telur fjárlaganefnd það sömuleiðis umhugsunarefni hvort setja eigi dagsetningu á afgreiðslu fjárlaga. Um þetta er m.a. fjallað í 3. mgr. 25. gr. þingskapatilfyrirlagslaga en þó með mjög almennum hætti.

1. minni hluti fjárlaganefndar gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við ákvæðið.

69. gr. Greiðsluheimildir.

Ákvæðið er svipað núverandi 41. gr. gildandi stjórnarskrár. Það er þó endurbætt að því leyti að nú er lagt til að ráðherra skuli fyrir fram leita samþykkis fjárlaganefndar vegna ófyrirséðra atvika eða ef almannahagsmunir krefjast þess.

Til umhugsunar er hvort orðið „greiðsla“ gangi ekki of skammt, af því að bæði fjárlög og ríkisreikningur eru á rekstrargrunni. – Hvernig skal þá farið með skuldbindingar sem ekki fela í sér greiðslu strax?

Fjárlaganefnd bendir á þrennt í þessu sambandi.

1. Að bæta við fyrri málsgrein þannig að hún hefjist þannig: „Engin útgjöld má ákveða eða greiðslu inna af hendi“
2. Við fyrri málsgrein bætist: „eða fjárukalögum“. Er það til samræmis við gildandi stjórnarskrá og veitir gjaldaheimild vegna fjárukalaga eins og fjárlaga.
3. Að á eftir orðinu: „ráðherra“ í síðari málsgrein ákvæðisins komi: fjármála.

70. gr. Réttur fjárlaganefndar til upplýsinga.

Ákvæðið á sér ekki fyrirmynd í gildandi stjórnarskrá.

Til umhugsunar er hvort ákvæðið eigi heima í stjórnarskrá eða í almennum lögum, svo sem þingskapar eða fjárreiðulögum.

Kostirnir við að hafa ákvæðið í stjórnarskrá eru að fjárlaganefnd fær aukið vægi og engin réttaróvissa með að kalla eftir gögnum frá t.d. sjálfseignarstofnunum. Á móti vegur að sérkennilegt er að taka eina fastanefnd Alþingis sérstaklega fyrir og hugsanlega verða þá aðrar nefndir Alþingis að leita til fjárlaganefndar til að afla gagna. Til álita kemur að breyta ákvæðinu þannig að það eigi við um upplýsingaskyldu ráðherra gagnvart Alþingi í heild.

1. minni hluti fjárlaganefndar vekur athygli á framangreindum álitamálum tengdum ákvæðinu.

72. gr. Eignir og skuldbindingar ríkisins.

Ákvæðið er svipað því sem er í gildandi stjórnarskrá, þó aðeins ítarlegra, þar sem bætt er inn ákvæði um að stjórnvöldum sé óheimilt að ábyrgjast fjárhagslegar skuldbindingar einkaaðila.

1. minni hluti fjárlaganefndar gerir ekki frekari athugasemdir við ákvæði greinarinnar.

74. gr. Ríkisendurskoðun.

Nýmæli er að fjallað er sérstaklega um stofnunina Ríkisendurskoðun í stjórnarskrá. Í gildandi stjórnarskrá er fjallað á almennari hátt um skyldu til endurskoðunar á vegum Alþingis og í umboði þess.

Kostur við þetta er að stofnunin fær skjól í stjórnarskrá og meira vægi en aðrar stofnanir. Ókostur er að þetta er stílbrot, eina stofnunin sem nefnd er í stjórnarskrá. Einnig er óhepplegt að festa skipunartíma ríkisendurskoðanda til fimm ára (í drögum að nýjum lögum um Ríkisendurskoðun er talað um sex ár og aldrei lengur en tólf ár.) Það hefur hamlandi áhrif á hugsanlegar skipulagsbreytingar síðar meir.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um að athugasemdir Ríkisendurskoðunar vegna ríkisreiknings næstliðins árs skuli leggja fyrir Alþingi á sama tíma og fjárlagafrumvarp næsta árs er lagt fram, í byrjun september. Reynsla síðustu ára sýnir hins vegar að endurskoðunarskýrsla hefur ekki legið fyrir fyrr en í nóvember.

1. minni hluti fjárlaganefndar leggur til að ákvæðinu verði breytt á þann veg að það verði samhljóða núverandi stjórnarskrárákvæði um endurskoðun.

Alþingi, 16. janúar 2013.

Björn Valur Gíslason,

Valgerður Bjarnadóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Lúðvik Geirsson